

## Samúðarklyfturinn í umfjöllun um kynin

Glen Poole er blaðamaður, sem m.a. skrifar í "The Guardian," "The Telegraph," "Huffington Post" og vefritið "insideMan," sem hann stofnaði ásamt blaðamanninum, Dan Bell. Þar er þessi grein birt. Árið 2013 gaf hann út bókina, "Jafnrétti karla" (Equality for Men) og árið 2016 bókina, "Þú getur komið í veg fyrir sjálfsvíg karla" (You Can Stop Male Suicide).

Glen er stofnandi "Komum-í-veg-fyrir-sjálfsvíg-karla-verkefnisins" (Stopmale suicide project) og þátttakandi í "góðkarla-verkefninu" (The Good Men Project). Hann lagði gjörva hönd plóg í herferðinni, "Feður í þágu réttlætis" (Fathers 4 Justice). Glen er einnig samhæfingarstjóri Alþjóðlegs baráttudags karla (sem íslenskir fjölmiðlar gefa engan gaum) í Bretandi. Auk þessa er hann virkur í karlréttindabaráttunni í Ástralíu.

Glen segir karla skipa hið dulda kyn. Hið dulda kyn er beitt misrétti, því sýnd kynfólkska. En þetta er erfitt að koma auga á í umfjöllun fjölmiðla og í kvenfrelsunarumræðunni. Karlar eru oftast dulbúnir sem "fólk." Höfundur segir m.a.:

"Almennt talað eru tvær ástæður þess, að fjölmiðlar umtala "fólk," þegar okkur eru færðar fréttir.

1.Sökum þess, að umrætt "fólk" er blandaður hópur karla og kvenna. 2.Sökum þess, að meirihluti þeirra, sem um er rætt, eru karlmenn.

Og jafnvel þótt meirihluti söguhetjanna séu karlar er kyn þeirra sjónum hulið, þeir eru ekki kyngreindir sem karlar, þeir eru nefndir dulnefninu „fólk.“ Það er undantekning á þessari reglu. Hafi umrætt „fólk“ framið einhverja skelfilega glæpi, gufar „fólkið“ upp, þeir verða kyngreindar persónur í kynsögu, og lögd er sérstök áhersla á, að um karlmenn sé að ræða. ...

Þetta er hið tvískauta kyneðli fréttanna. Falli frásögnin að hinum viðurkennda frásagnarhætti um góðar konur og vonda karla; að karlar séu árársarmenn, konur fórnarlömb; konur eigi við vanda að etja, karlar ekki, er kyn tekið fram hátt og skýrt. ...

Sé hins vegar fjallað um vanda, sem karlar helst glíma við, er kyn þeirra sveipað dulmóðu. Hér er um að ræða tæra, ómengaða kynfólksku í garð karla og hún er ríkjandi í fjölmiðlum, hjá hinu opinbera og í almennri umræðu okkar um kyn. ...

[E]nginn stjórnmalamaður eða fréttaskýrandi eða skriffinni með réttu ráði myndi vísa til þessa berskjaldaða fólks, sem lætur lífið við harmþrungnar aðstæður, sem "berskjaldaðra karla." ...

Í fyrsta lagi myndi "en-hvað-með-konur-jafnréttishersveitin" upptendrast vegna gleymdra kvenfórnarlamba og færa rök fyrir því, að þau þjáist meira en karlfórnarlömbin, þar eð sambandið við lögreglu sé feðraveldissmíði til að fullnægja þörfum karla, en ekki kvenna (eða áþekk bábilja). Það er engin leið til þess að hnika til einokun kvenfrelsaranna á kynjaumræðunni með því að benda á margs konar misrétti, sem karlar og drengir líða fyrir - svo að kyrrt megi liggja.

Í öðru lagi myndi hinn "þögli" félagslega-íhaldssami meirihluti ekki sætta sig við að kalla sterka karla "berskjaldaða," svo að gervöll samfélagsbyggingin hryndi ekki yfir höfuð okkar.

Svo að koma megí í veg fyrir uppnám frjálslyndra “framfarasinna” og “minni háttar “í” íhaldsmanna,” verðum við að fara dult með karlkynið, þegar ófarir steðja að. ...

Öll sem eitt sýnum við – karlar og konur – meira langlundargeð gagnvart þeim hörmungum, sem á körlum og drengjum dynja. Í okkur öllum er „kynsamúðarklyftur.“

Hið hefðbundna viðhorf, „konur og börn“ í fyrstu röð, og brennidepill kvenfrelsaranna, „konur og stúlkur“ á undan, er sá umlykjandi skuggi, sem varpað er yfir varnarleysi drengja og karla, og gerir það ósýnilegt. Þannig tókum við þátt í því samsæri að endurtaka í sífellu „hertu upp hugann,“ án þess að nefna það einu orði. ...

Það er þess vegna, þegar átta af hverjum tíu fórnarlömbum dauðsfalla sökum ofbeldis, eru drengir og fullvaxta karlar, að blásið er til herferða til að stöðva ofbeldi gegn konum og stúlkum, en engum til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn körlum og drengjum....

Það er þess vegna, þegar um níutíu og fimm af hundraði fanga eru karlar, að tekin eru kyngreind frumkvæði að því að deyfa áhrif fangelsisvistar á konur, en engin frumkvæði til að milda áhrif fangelsisvistar á karla.

Það er þess vegna morgunljóst, að þegar tíu karlar í Sameinaða konungsdæminu látast í snertingu við lögreglu eða eftir hana, er það ekki talið til kynjaðra atvika.“

<http://www.inside-man.co.uk/2015/07/24/nine-out-of-ten-victims-of-police-related-deaths-are-male-who-cares/>